

Umsögn íbúaráðs Breiðholts um stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík

Íbúaráðið fagnar nýrri stefnu og þeim metnaðarfullu markmiðum sem tilgreind eru í henni er lúta að því að auka aðgengi barna og ungmenna að tónlist í leik og starfi, að tónlistarnám verði fjölbreytt, faglegt og að ungt tónlistafólk verði sýnilegt í lífi og starfi barna, ungmenna og annarra borgabúa.

Í fjölmenningarlegu nærsamfélagi Breiðholts þarf að tryggja jafnan aðgang barna og ungmenna að tónlist, söng, tónlistasköpun og menningaupplifun óháð tekjum, trúarbrögðum og félagslegri stöðu. Börn og foreldrar þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku, gætu fengið tækifæri, vettvang og stuðning til að miðla sinni tónlistararfleið með markvissari hætti inn í skólaumhverfi leik og grunnskóla sem og í starfsumhverfi skólahljómsveita. Á sama tíma gæti skapast vettvangur fyrir sama hóp til að fá kynningu, miðlun og sögu íslenskrar tónlistar og íslenskunar sem tungumáli en margar vísbendingar eru að tónlist og söngur auki orðaforða og aðra málfærni. Hvort tveggja myndi gagnast báðum hópum og auka gildi ólíkrar tónlistar, tungumála, skapa valdeflingu og félagslega virkni.

Það er ánægjulegt að sjá í stefnunni sérstaklega áherslu á stuðning við söng og tónlistastarf í leikskólum borgarinnar en íbúaráðinu finnst vanta sambærilegt innlegg í stefnu yngstu deilda grunnskólans þannig að tryggt sé að söngur og tónlist verði fléttað á markvissari hátt inn í nám yngsta stigs eins og lagt er upp með á leikskólastiginu. Þannig myndi viss samfella vera á milli skólastiganna tveggja.

Þátttaka nemenda í tónlistarnámi tónlistaskóla sem hlutfall af íbúafjölda er hvergi minni en í Breiðholti og á það bæði við um hverfi 111 og 109. Til að efla þátttöku, auka framboð og sýnileika tónlistar og tónlistarnáms, skorar íbúaráðið á borgaryfirvöld að skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts verði skipt upp í tvær hljómsveitir eða hún stækkuð þannig að hún geti tekið við fleiri nemendum. Það er í takt við fyrirætlanir sem fram koma í stefnunni þar sem þess er getið að fjölga eigi skólahljómsveitum sé þörf á því. Hægt væri að líta á verkefnið sem tilraunaverkefni til fjögurra ára til að byrja með. Samhliða þyrfti að auka kynningu og sýnileika á starfsemi skólahljómsveitarinnar í gegnum leik- og grunnskóla fyrir foreldrum barna í hverfinu þannig að þeir séu upplýstir um það frábæra starf sem umhverfi skólahljómsveitanna býður upp á.

Í stefnunni er komið inn á samstarf ólíkra stofnanagerða og þær hvattar til að vinna saman. Í þessu sambandi væri hugmynd að samnýta frístundarrútu innan Breiðholts og reyna að flétta ferðir hennar við skipulagaða kennslu í tónlistaskólum innan hverfisins og skólahljómsveit strax eftir skóladag barnsins. Eftir tilvikum að reyna að færa kennslu tónlistarskóla innan veggja skólans til færa kennsluna sem næst skólaumhverfi barnsins, minnka ferðir innan og utan hverfis og mögulega nýta húsnæði borgarinnar betur.

Að lokum telur íbúaráðið mikilvægt að borgaryfirvöld tryggi nægt fjármagn til að fylgja stefnunni og aðgerðaáætluninni, sem á eftir að líta dagsins ljós, eftir til ársins 2030. Styrkur hverfisins er fjölbreytileiki og til mikils að vinna við að virkja félagsauðinn í hverfinu í meira mæli en nú er gert. Framtíðarsýnin er skýr og ánægjulegt að sjá

samræmingu verklags og tækifærin sem skapast í kjölfarið í jafn mikilvægum málaflokki sem þessum.

Ef einhverjar athugasemdir þarfnast nánari útskýringa þá mun formaður vera reiðubúin til að veita þær.

Reykjavík, 1.2.2021

Sara Björg Sigurðardóttir, formaður